

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 16. maí 2018 í máli nr. E-1247/2017:

Grænamýri ehf.

(Karl Georg Sigurbjörnsson lögmaður)

gegn Arion banka hf.

(Friðbjörn Eiríkur Garðarsson lögmaður)

I. Dómkröfur aðila

Mál þetta var þingfest 11. apríl 2017 en tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð þann 21. mars 2018. Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi bótaskylda stefnda Arion banka hf. vegna fjárhagstjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir þegar aðgerðir stefnda urðu til þess að stefnandi tapaði eignarhluta sínum í félaginu Sigurplasti ehf. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og jafnframt málskostnaðar.

II. Málavextir

Þann 28. febrúar 2007 ákváðu þrír aðilar að frumkvæði Sparisjóðs Mýrasýslu að fara út í rekstur á sviði plastframleiðslu. Lagði hver þeirra um sig fram hlutafé að fjárhæð kr. 22.300.000 inn í félagið Löðmundarhól ehf. sem síðar var nefnt Sigurplast ehf. Þessir hluthafar voru Grænamýri ehf., stefnandi í þessu máli, ásamt Vesturlandi ehf. (dótturfyrirtæki Sparisjóðs Mýrasýslu) og Egill ehf.

Á þessum tíma var Sigurplast ehf. með 4 lánasamninga sem voru upphaflega gerðir við Sparisjóð Mýrasýslu. Stefndi Arion banki hf. tók síðan yfir þessa samninga. Samningarnir voru með gengisviðmiði en í kjölfar hruns stærstu íslensku viðskiptabankanna í október 2008 jukust skuldir félagsins samkvæmt samningunum verulega. Samkvæmt áskorun stefnda til Sigurplasts ehf., dags. 30. ágúst 2010,, á grundvelli 5. tölul. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991, nam heildarskuld félagsins við stefnda þá rúmlega 1.1 milljarði króna.

Í september 2009 höfðu fyrirsvarsmenn Sigurplasts ehf. samband við stefnda að eigin frumkvæði þegar fyrir lá að reglur um aðstoð til fyrirtækja höfðu verið kynntar opinberlega. Óskuðu þeir eftir fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins vegna þess að þeir töldu rekstrarhorfur félagsins góðar þrátt fyrir skuldsetningu.

Stefndi skipaði í kjölfarið þriggja manna nefnd til að skoða félagið. Í október 2009 hafði stjórnarformaður Sigurplasts síðan samband við Jakob Bjarnason, starfsmann stefnda. Í framhaldinu var haldinn fundur með starfsmönnum stefnda og nefndinni. Fór stefndi fram á ýmsar upplýsingar um rekstur Sigurplasts og var ákveðið af hálfu bankans að endurskoðunarfyrirtækið Ernst & Young myndi taka

félagið til athugunar. Var þá ætlunin að skýrsla endurskoðunarfyrirtækisins myndi nýtast lánanefnd bankans til að hægt væri að afgreiða málið.

Stjórnarformaður Sigurplasts skrifaði umboðsmanni viðskiptavina hjá stefnda bréf þann 11. desember 2009 þar sem hann lýsti þeirri afstöðu að félagið uppfyllti öll skilyrði sem stefndi setti fram um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja samkvæmt reglum bankans er þá lágu fyrir á opinberum vettvangi.

Þann 15. desember 2009 stefndi Arion banki hf. Sigurplasti ehf. fyrir Héraðsdómi Vesturlands vegna lánasamnings með gengisviðmiðun. Samhliða voru öll rekstarlán félagsins hjá stefnda gjaldfelld.

Með tölvupósti, dags. 7. janúar 2010, til Jóns Snorra Snorrasonar, gerði Þórarinn Ingi Ólafsson, starfsmaður stefnda, athugasemdir vegna tiltekinna viðskipta Sigurplasts. Af gögnum málsins verður ráðið þar hafi verið um að ræða félagsins við Viðarsúlu ehf. sem var í eigu Sigurðar L. Sævarssonar, framkvæmdastjóra Sigurplasts.

Í tölvupóstinum kemur fram að stefndi hafi talið þessi viðskipti vera óeðlileg vegna tengsla félaganna. Samkvæmt gögnum málsins áttu Þórarinn og Jón Snorri í tölvupóstsamskiptum næstu daga, m.a. um framlengingu á yfirdráttarheimild Sigurplasts ehf. og beiðni stefnda um að Jón Snorri veitti frekari skýringar á viðskiptum Sigurplasts við Viðarsúlu ehf. Ljóst er að Sigurður sendi Þórnari tölvupóst 19. janúar 2010 þar sem hann vísaði til samskipta á stjórnarfundi í sama mánuði þar sem fram hafi komið að hann ætti Viðarsúlur ehf. Þeim tölvupósti svaraði Þórarinn samdægurs en í þeim pósti sagði meðal annars:

„Ég gerði ykkur það fyllilega ljóst á fundinum að tvennt yrði til að koma ef við ætluðum að byggja upp traust á ykkur sem eigendum/stjórnendum félagsins. Annarsvegar þyrfti að opnar bækur Viðarsúlna og veita okkur allar upplýsingar um starfsemi. Hinsvegar þyrfti að fá [Ernst & Young] til þess að skila skýrslunni sem þeir hafa verið að vinna. Þetta væru forsendur bankans til að geta lagt mat á framhaldið. Sé félagið þitt ekkert nema skel þá ætti það ekki að vera mikið mál. Sé um einhverja starfsemi að ræða þá er eðlilegt að stjórnarmenn séu upplýstir um hvaða starfsemi þar fer fram og hvernig hún skarast við hagsmuni Sigurplasts. Ég ræddi þetta við Jón Snorra rétt áðan og hann hefur samband við þig varðandi hvaða upplýsingar hann vill fá.“

Þann 4. febrúar 2010 skilaði Ernst & Young skýrslu sinni. Í skýrslunni er gerður sá fyrirvari að ekki sé hægt að líta svo á að úttektin sem þar er lýst sé það yfirgripsmikil að allar upplýsingar eða öll vafaatriði komi fram og að engum spurningum sé ósvarað. Segir þar að umfang úttektarinnar ráðist m.a. af þeim gögnum og upplýsingum sem látin séu í té, ásamt þeim takmörkum sem endurskoðunarfyrirtækinu séu sett. Síðan segir í skýrslunni:

„Við vinnu okkar hefðu samskipti við forsvarsmenn Sigurplasts ehf. mátt vera betri. Þá sérstaklega reyndust samskipti við framkvæmdastjóra félagsins erfið og var hann ekki viljugur til að afhenda þau gögn eða upplýsingar sem við töldum nauðsynleg til að ljúka vinnu okkar við úttektina. Með samvinnu við stjórnarformanns félagsins á síðari stigum vinnu okkar tókst að ljúka skýrslunni. Við teljum að með betri samvinnu hefði verið hægt að ná fram betri úttekt.

Vinna okkar felur ekki í sér endurskoðun og miðast ekki við að veitt sé álit á þeim gögnum eða upplýsingum sem liggja til grundvallar, né heldur innra eftirliti eða annað slíkt sem almennt myndi teljast til endurskoðunar.“

Með tölvupósti til Þórarins Inga Ólafssonar, starfsmanns stefnda, og Jóns Snorra, stjórnarformanns Sigurplasts ehf., dags. 5. febrúar 2010, gerði framkvæmdastjóri félagsins athugasemdir við skýrslu Ernst & Young en afrit tölvupóstsins var samhliða sent á Guðjón Norðfjörð, starfsmann Ernst & Young.

Af gögnum málsins verður ráðið að Sigurplast ehf. hafi í kjölfarið átt í samskiptum við stefnda um framlengingu á yfirdráttarheimild Sigurplasts ehf. en sú heimild hafi síðan verið framlengd um miðjan febrúar 2010. Var þeirri ákvörðun fagnað í tölvupósti Jóns Snorra til Árna Örvars Daníelssonar, sem átti sæti í lánanefnd stefnda á þessum tíma, dags. 18. febrúar 2010. Í tölvupóstinum lýsir Jón Snorri því jafnframt að framkvæmdastjóri Sigurplasts hafi fengið þær upplýsingar að boðað yrði til fundar í bankanum í næstu viku „til að ræða næstu skref að samningsgrunni“.

Árni Örvar svaraði þessum tölvupósti með tölvupósti, dags. 19. febrúar 2010, en þar segir m.a. svo:

„Sælir félagar, skv. símtali við ykkur í gær hendum við upp neðangreindum punktum sem bankinn leggur áherslu á í komandi samstarfi.

1. Bankinn er tilbúinn til að vinna málið áfram með núverandi stjórnendum.
2. Starfsemi Viðarsúlna ehf. verði sett inn í Sigurplast.
3. Skuldir félagsins við bankann verði á bilinu 300-350 mkr. eftir fjárhagslega endurskipulagningu.
4. Núverandi skuldum breytt í hlutafé og hlutur stjórnenda verður a.m.k. 20%. Allir ofangreindir punktar eru settir fram með fyrirvara um endanlegt samþykki lánanefndar bankans.“

Samkvæmt gögnum málsins samþykktu stjórnendur Sigurplasts hf. þessa tillögu að frátalinni þeirri tillögu stefnda að eignarhlutur stjórnenda í félaginu yrði færður niður í a.m.k. 20 prósent. Af gögnum málsins verður ráðið að stjórnendur félagsins töldu að niðurfærsla á eignarhlut þeirra fjarlægði allan hvata til þeirra sem rekstraraðila til þess að reka félagið.

Ljóst er að stjórnendur Sigurplasts áttu í nokkrum samskiptum við starfsmenn stefnda í framhaldinu. Í júní 2010 óskaði stefndi m.a. eftir endurskoðuðum

ársreikningi félagsins. Í tölvupósti starfsmanns stefnda til framkvæmdastjóra Sigurplasts ehf., dags. 23. júní 2010, er beiðni stefnda að félagið skili uppgjöri og þeim upplýsingum sem óskað var eftir ítrekuð og bent á að skil á gögnunum séu forsenda þess að yfirdráttarheimild félagsins verði framlengd.

Í júlí 2010 var bankanum sent fjögurra mánaða uppgjör Sigurplasts frá endurskoðanda vegna framlengingu rekstrarlána. Í tölvupósti Helga Magnúsar Baldvinssonar, starfsmanns stefnda, til framkvæmdastjóra og stjórnarformanns Sigurplasts ehf., sem og Þórarins Inga, starfsmanns stefnda, dags. 15. júlí 2010, kemur fram að ósk um að framlengja yfirdráttarheimild félagsins hafi ekki fengist samþykkt í lánanefnd stefnda og að nefndin hafi viljað sjá „úrlausn í sjónmáli“ áður en lengra yrði haldið. Svar bankans mun hafa grundvallast á því að ekki hafi verið komnar tillögur frá skipaðri nefnd í bankanum sjálfum um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins og þar af leiðandi hafi ekki verið hægt að samþykkja beiðni um framlengingu rekstrarlána félagsins. Jafnframt var tekið fram að fullur vilji væri innan bankans að leita lausna og að þær ættu að liggja fyrir áður en kæmi að mánaðamótum.

Forstjóri Sigurplasts svaraði þessum tölvupósti með tölvupósti, dags. 27. júlí 2010, en þar segir m.a.:

„Ég hef tekið þá ákvörðun að hætta þessum slag, ekki vinnandi vegur fyrir mig persónulega að standa í þessu en einnig er algjörlega vonlaust að reka fyrirtæki við þessar aðstæður. Við sem hér störfum getum ekki tekið meira af þessum vanda á okkur, bæði ég og starfsmenn mínir búnir að vera mjög áhyggjufullir yfir ástandinu, fólk mætir kvíðið til vinnu og tekur þetta mikið inn á sig. Nóg komið af því.

[...]

Ég á von á að reksturinn stöðvist um miðjan ágúst, ég kaupi ekki inn hráefni, nota fé til að greiða smábirgjum.

Við erum búin að berjast hér í tvö ár við ömurlegt ástand en ætlum ekki að standa lengur í þessu, hélt að það væri allra hagur að vinna að þessu en niðurfelling sýnir mér að enginn raunverulegur vilji er hjá starfsmönnum bankans að láta þetta ganga. Veit um fyrirtæki sem er með svipaða skuldasögu og okkar en mikið verri rekstrarsögu og er að fá allt aðra meðhöndlun í bankanum. 90 prósent af samskiptum okkar við banka fer í annað en lausnir á málum.“

Þórarinn Ingi Ólafsson, starfsmaður stefnda, svaraði þessum tölvupósti með tölvupósti 5. ágúst 2010:

„Eins og ávallt hefur komið fram í máli bankans þá vill bankinn endurskipuleggja fjárhag Sigurplasts og tryggja áframhaldandi rekstur félagsins. Ýmislegt hefur tafið þá vinnu og samstarf við aðra hluthafa hefur ekki gengið með þeim hætti sem bankinn hefði óskað.

Bankinn hefur nú ákveðið að ganga að handveðum sem hann hefur í hlutabréfum annarra hluthafa. Verið er að útbúa skjöl varðandi framsal og óska ég eftir að þið Jón Snorri hittið mig hér í bankanum og undirritið nauðsynlegt skjöl vegna málsins. Við þurfum síðan að ræða áframhaldandi rekstur félagsins þar sem þú ert framkvæmdastjóri þess.

Á meðan þessu stendur treysti ég því að þú munir reka félagið með hagsmuni þess í huga og haldir áfram hráefniskaupum og sjáir til þess að rekstur félagsins verði ekki fyrir skaða.“

Í framhaldi var boðaður fundur þar sem það kom fram að vilji bankans væri að taka Sigurplast ehf. yfir. Eigendur Sigurplasts ehf. bentu á að þeir væru ekki að fá sömu meðferð og aðrir viðskiptamenn bankans við fjárhagslega endurskipulagningu.

Í tölvubréfi umboðsmanns viðskiptavina hjá stefnda til stjórnarformanns og framkvæmdastjóra Sigurplasts, dags. 19. ágúst 2010, er lýst þeirri niðurstöðu af hálfu bankans að ekki verði hægt að mæta óskum þeirra um lausn í málinu, þ.e. kröfu um niðurfærslu skulda að greiðslugetu og óbreytt eignarhald þar sem slík niðurstaða væri „með öllu úr takti“ við það sem gert væri með öðrum viðskiptavinum og í andstöðu við þær reglur sem bankanum bæri að fara eftir við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Í bréfinu segir síðan:

„Bankinn vinnur ávallt útfrá verðmæti fyrirtækis og gerir þá kröfu að verðmæti umfram skuldaþol sé mætt með einhverjum hætti. Til að mæta því bili er jafnan gerð krafa um nýtt eigið fé, en ef eigendur geta ekki komið fram með það tekur bankinn sterkari stöðu í félaginu, með beinu eignarhaldi eða öðrum hætti. Með hliðsjón af þessu er ekki hægt að mæta kröfum ykkar um lausn í málinu. Hitt er ekki síður mikilvægt að starfsmenn bankans telja forsendur fyrir frekara samstarfi brostnar. Í reglum um fjárhagslega endurskipulagningu er rík áhersla lögð á samstarf banka og fyrirtækis í vinnu við endurskipulagningu. Upplýsingagjöf fyrirtækja er grundvöllur að allri vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu og forsenda áframhaldandi samstarfs er traust á milli aðila. Bankinn telur þessa þætti hafa brugðist alvarlega.“

Með tölvupósti til stjórnarformanns Sigurplasts, dags. 25. ágúst 2010, tilkynnti Halldór B. Lúðvígsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjapjónustu stefnda, að með vísan til tölvupósts stefnda frá 5. ágúst 2010 væri ítrekað að bankinn hefði ákveðið að ganga að handveðum á hlutum hans í Sigurplasti. Óskað var eftir að stjórnarformaðurinn undirritaði skjöl í því sambandi og að það yrði gert í bankanum. Af hálfu bankans var ítrekuð nauðsyn þess að umrædd undirritun færi fram til þess að rekstur Sigurplasts gæti haldið áfram í þáverandi mynd.

Með bréfum til ríkisskattstjóra, dags. 27. ágúst 2010, sögðu stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Sigurplasts sig úr stjórn fyrirtækisins.

Með bréfi til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dags. 14. september 2010, sendi félagið Vesturland ehf. kæru á hendur framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Sigurplasts og félaginu Viðarsúlu ehf., á þeim forsendum að þessir aðilar hefðu látið Sigurplast ehf. greiða kostnað við fyrirtækið Viðarsúlu ehf. og nýtt framleiðslu og innflutning Sigurplasts í þágu Viðarsúlu. Í kæru Vesturlands var rakið að félagið teldi að í háttsemi hinna kærðu aðila fælist m.a. þjófnaður, fjárdráttur og umboðssvik. Kæran var undirrituð af Pétri Richter, stjórnarformanni Vesturlands ehf., og Þórarni Ólafssyni, stjórnarmanni, en báðir þessir einstaklingar voru á þessum tíma starfsmenn stefnda en af gögnum málsins verður ráðið að stefndi hafi tekið yfir starfsemi Vesturlands ehf. af Sparisjóði Mýrasýslu.

Á fundi stjórnar Sigurplasts ehf. 24. september 2010 var tekin sú ákvörðun að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta að kröfu viðskiptabanka þess. Í fundargerð sem tveir stjórnarmenn félagsins undirrita er ástæðum þessar ákvörðunar lýst á eftirfarandi veg:

„Af hálfu félagsins hefur mikið verið gert til að ná samningum um skuldir félagsins við Arion banka hf. upphaflega kr. 334.000.000, - sem bankinn telur nú nema um kr. 1.100.000.000.-, sbr. bréf bankans þar um.

Stjórn félagsins telur að félagið geti greitt bankanum öll upphafleg lán þess með umsömdum vöxtum.

Bankinn stefndi félaginu fyrir dóm vegna skuldanna í desember sl. en felldi niður málssóknir vegna þessa áður en til flutnings þeirra kom fyrir dómi. Þannig að ekki fékkst dómsniðurstaða um lögmati og stöðu lánanna. En félagið hafði m.a. gert sýknukröfur í málunum vegna ólögmætis þeirra.

Með bréfi dags. 30. ágúst sl. skoraði bankinn á félagið að greiða meinta skuld, skv. áðurgreindum útreikningi bankans alls um kr. 1,1 milljarð innan þriggja vikna en ella gefa sig upp til gjaldþrotaskipta.

Stjórn félagsins treystir sér ekki þrátt fyrir jákvætt tekjustreymi félagsins, ágæta ebidtu og góða framtíðarmöguleika, að frátöldum stökkbreyttum bankalánnum að standa gegn helsta kröfuhafa sínum sem gengur að félaginu með slíkri hörku. Bankinn hafði auk heldur gjaldfellt sérstakt rekstrarlán félagsins sl. vor, sem enginn ágreiningur hafði verið um og var í fullum skilum, en nánast er ómögulegt að reka starfsemi sem Sigurplasts án slíks.

Augljóst er að félagið á ekki fyrir skuldum miðað við útreikning bankans. Þá er jafnvíst að félagið getur ekki greitt af starfsemi sinni þá vexti sem nýlegur dómur Hæstaréttar telur að greiða eigi af lánum eins og lánum bankans til félagsins. [...]"

Með bréfi lögmanns Sigurplasts ehf., dags. 27. september 2010 til dómsstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur var ákveðið að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta samkvæmt 64. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti. Félagið var síðan tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði dómsins 30. september 2010.

Þann 8. desember 2011, höfðaði þrotabú Sigurplasts ehf., sem þá hafði verið endurnefnt Splast ehf., mál á hendur Sigurði L. Sævarssyni, fyrrverandi forstjóra

Sigurplasts og Jóni Snorra Snorrasyni, fyrrverandi stjórnarformanni félagsins, til greiðslu skaðabóta. Var krafa þrotabúsins reist á því að Sigurður og Jón Snorri, hafi, sem framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Sigurplasts ehf., vitað eða mátt vita um tilteknar ráðstafanir og að þær myndu valda félaginu tjóni. Í þinghaldi málsins 24. maí 2013 lögðu Sigurður og Jón Snorri, fram beiðni um dómkvaðningu matsmanns í því skyni að afla mats á gjaldfærni Sigurplasts ehf. Dómurinn féllst á þessa beiðni og í þinghaldi 23. september sama ár var Klemens Arnarson viðskiptafræðingur dómkvaddur til starfans og er matsgerð hans dagsett 12. febrúar 2014.

Í þeirri matsgerð er komist að þeirri niðurstöðu að félagið hafi verið í jákvæðu fjárstreymi og þar af leiðandi rekstrarhæft. Það skipti meira máli en virðismötin sem slík. Greiðslugeta félagsins fram til ársins 2016 „skipti öllu máli“. Félagið hafi haft alla burði til þess að greiða niður umtalsverðan hluta af þeim lánum sem á félaginu hafi hvílt. Það hafi því „klárlega“ verið „hæft til þess að falla inn í beinu brautina“ samkvæmt lögum nr. 107/2009 um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Þetta hefði þýtt að samkvæmt verklagi beinu brautarinnar hefði fjármálafyrirtæki átt, að mati matsmanns, að búa til lánaþyrirkomulag þar sem félaginu væri gert fært að borga niður eins mikið af höfuðstól lána og því var unnt á tilteknu tímabili án þess að vera íþyngjandi félaginu. Með dómi Hæstaréttar frá 4. febrúar 2016 í máli nr. 298/2015 voru fyrrverandi stjórnarformaður og framkvæmdastjóri félagsins sýknaðir af kröfum þrotabúsins.

III. Málsástæður aðila

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir viðurkenningarkröfu sína í fyrsta lagi á því að stefndi beri skaðabótaábyrgð á fjártjóni stefnanda sem rekja megi til framferðis stefnda og starfsmanna hans við innheimtu á ólögum gengistryggðum lánum á hendur Sigurplasti ehf., félagi að einum þriðja hluta í eigu stefnanda. Telur stefnandi að stefndi hafi með háttsemi sinni að þessu leyti farið á svig við sett lög og reglur er stefnda bar að fara eftir.

Í þessu sambandi vísar stefnandi til þess að með setningu neyðarlaganna annars vegar og skjaldborgarlaganna hins vegar hafi verið settar reglur um hvernig staðið skyldi að endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfari kerfishruns þann 6. október 2008. Þau lög hafi verið og séu bindandi fyrir alla aðila s.s. fjármálafyrirtæki og geymi þær reglur sem fjármálafyrirtæki hafi átt hafi að fylgja í samskiptum sínum við skuldara og við uppgjör krafna af hálfu skuldara samkvæmt lánasamningum sem höfðu margfaldast í fjárhæðum vegna óðaverðbólgu og gengisfalls krónunnar fyrir og í kjölfar kerfishrunsins.

Í öðru lagi byggist viðurkenningarkrafa stefnanda á því að starfsmenn stefnda sem stefndi ber húsbóndaábyrgð hafi brotið gegn reglum neyðarlaganna, skjaldborgarlaganna og reglum laga um fjármálafyrirtæki með skipulögðum, saknæmum og ólögmætum hætti, þegar þeir stóðu í vegi fyrir að félagið Sigurplast ehf. fengi að ganga í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og þvinguðu það til að fara fram á gjaldþrotaskipti þann 30. september 2010. Það hafi leitt til fjártjóns fyrir eigendur hlutafjár félagsins þ.á.m. stefnanda þegar hlutur hans í félaginu tapaðist.

Stefnandi telur að við mat á saknæmri og ólögmætri háttsemi starfsmanna stefnda verði að horfa til tilgangs og markmiða laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Lögin hafi miðað að endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar kerfishruns og tryggt yrði að jafnvægi kæmist á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga og fyrirtækja hins vegar.

Hvað þennan þátt málsins varðar vísar stefnandi til þess að samkvæmt almennum athugasemdum með lögum nr. 107/2009 hafi meginmarkmið hinna nýju banka átt að vera að leiða skuldamál einstaklinga og fyrirtækja til lykta samkvæmt gefinni forskrift í lögnum s.s. að taka tillit til varúðarfærslna/niðurfærslna á kröfum sem áttu sér stað við flutning útlána á milli föllnu bankanna og þeirra nýju. Lögð hafi verið áhersla á að hin fjárhagslega endurskipulagning gengi hratt fyrir sig til að koma í veg fyrir að skuldavandi heimila og fyrirtækja ykist. Skuldir yrðu færðar niður í það sem raunhæft hefði verið talið í mati á efnahag nýju bankanna. Einnig hafi komið fram að engum tilgangi þjónaði að halda áfram innheimtu á grundvelli formlegra krafna sem í raun væru tapaðar. Slíkt mundi aðeins setja heimili og fyrirtæki í skuldafjötra og hefta endurreisn atvinnulífsins. Síðan sagði í athugasemdunum „Eftirgjöf eða skuldbreytingar á lánum heimila og fyrirtækja er því í raun lokahnykkurinn á því skuldaaðlögunarferli sem hófst með setningu neyðarlaganna í október.“

Stefnandi vísar að þessu leyti til þess að samkvæmt 3. gr. laga nr. 107/2009 hafi kröfueigendur átt að setja sér reglur um skuldbreytingar á skilmálum skuldabréfa og lánasamninga sem kynnu að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana fyrir skuldara. Þessar reglur hafi átt að vera aðgengilegar skuldurum og staðfestar af Fjármálaeftirlitinu, m.a. átt að geyma ákvæði um mat á atriðum á borð við eigna- og skuldastöðu skuldara (i), greiðslugetu skuldara þar sem tekið yrði tillit til fyrirsjáanlegs sjóðstreymis fyrirtækja (ii), skuldara, stjórnendum og eigendum fyrirtækja (iii), skilyrðum sem kynnu að verða sett fyrir ákvörðun um breytingar á skilmálum skuldabréfa eða lánasamninga (iv), skýrleika og réttmæti kröfu kröfueiganda (v), auk samkeppnisjónarmiða (vi).

Stefnandi telur að stefndi og starfsmenn hans hafi þverbrotið þessar reglur þar sem starfsmönnum stefnda var eða mátti vera ljóst að kröfur stefnda á hendur Sigurplasti ehf. voru hvergi nær skýrar og réttmætar, þar sem hluti þeirra var bundinn ólögumætri gengistryggingu, og því með öllu óljóst hver hin raunverulega skuld félagsins við stefnda var. Auk þess telur stefnandi að Sigurplast hf. hafi vel uppfyllt þau skilyrði sem kveðið var á um í 3. gr. laga nr. 107/2009. Því hafi félagið átt rétt á að njóta sömu meðferðar og önnur félög í sömu stöðu. Við þessar aðstæður hafi starfsmönnum stefnda borið að gæta ýtrustu varúðar við innheimtu óvissra krafna. Starfsmenn stefnda hafi enn fremur ekki heldur horft til reynslu fyrirsvarsmanna félagsins í atvinnulífinu sem var mikil og þeirrar augljósu staðreyndar að stefndi var eftir yfirtöku Sparisjóðs Mýrarsýslu þriðjungs eigandi að félaginu og því með alla yfirsýn yfir rekstur þess. Ætlun löggjafans var að kröfuhafar horfðu m.a. til reynslu og eignarhalds í tengslum við samninga um skuldaskil.

Af hálfu stefnanda er einnig á því byggt að við mat á saknæmri og ólögumætri háttsemi starfsmanna stefnda verði einnig að horfa til 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sem leggi þá skyldu á stefnda að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Stefnandi byggir á því að það geti aldrei talist í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti né heldur venjur á fjármálamarkaði að starfsmenn stefnda ákveði með skipulögðum hætti og af ásetningi hvaða viðskiptamenn stefnda fái samið um skuldir sínar og hverjir ekki þrátt fyrir þá staðreynd að félagið Sigurplast ehf. hafi uppfyllt öll þau opinberu lagaskilyrði sem skýrgreind voru í skjaldborgarlögunum og stefndi hafði tekið upp í reglum sínum.

Á því er byggt í báðum málsástæðum að stefndi og starfsmenn hans hafi ekki sinnt þeirri sammings- og lögbundnu skyldu sinni að gæta hófs í framgöngu sinni við innheimtu á ólögumætum gengistryggðum lánnum félagsins Sigurplasts ehf., og farið gegn dómafordæmum Hæstaréttar Íslands í sambærilegum málum sem lágu fyrir þegar aðgerðir bankans gegn Sigurplasti stóðu yfir og gengið gegn ótvíræðri lagaskyldu sinni samkvæmt lögum nr. 107/2009, sbr. lög nr. 125/2008. Mikill munur sé á því hvort að félag skuldi lánadrottni sínum kr. 1,1 milljarð eða kr. 412 milljónir. Bendir stefnandi á að þrátt fyrir að margvíslegar ábendingar og samskipti forsvarsmanna Sigurplasts ehf. við stefnda Arion banka hf. og starfsmenn bankans um rétt félagsins til endurútreiknings og úrbóta lögum samkvæmt m.a. lögum nr. 107/2009 hafi stefndi stöðvað alla rekstrarlánaufyrirgreiðslu til félagsins og gengið hart fram í innheimtu ólögumætrar kröfu. Það hafi valdið stefnanda fjártjóni þar sem eignarhlutur hans í félaginu Sigurplasti ehf. varð að engu vegna ólögumætra og saknæmra aðgerða stefnda og starfsmanna hans gerðum í vondri trú í

ljósi ofangreinds.

Stefnandi telur að skýr orsakatengsl séu á milli aðgerða stefnda um að uppfylla ekki lögboðna skyldu sína eins og kveðið var á um í skjaldborgarlögunum gagnvart Sigurplasti ehf. og tryggja að félagið fengi þá meðferð mála sem lög áskildu og reglur bankans tilgreindu. Félagið hafi ekki fengið sömu meðferð og önnur félög í sömu stöðu vegna kerfishruns á Íslandi með þeim afleiðingum að það var tilneytt að óska eftir gjaldþrotaskiptum með tilheyrandi fjárhagstjóni er það hafði í för með sér fyrir stefnanda.

Stefnandi telur að leggja verði til grundvallar að félagið Sigurplast ehf. hafi átt rétt á að fara inn á svokallaða „beinu braut“ í fjárhagslegri endurskipulagningu félaga, sbr. lög nr. 107/2009 og matsgerðir dómkvaddar matsmanna sem lagðar eru fram í málinu.

Þess í stað hafi stefndi og starfsmenn hans ákveðið að keyra á innheimtu ólögmætra gengislána með stefnu á hendur félaginu fyrir Héraðsdómi Vesturlands. Dómsmálið hafi síðan verið fellt niður rétt fyrir aðalmeðferð vegna meints ólögmætis umræddra gengislána, en stefndi hafi allt að einu síðan krafist þess stuttu síðar að félagið yrði gefið upp til gjaldþrotaskipta á sömu forsendum og stefnt var út af upphaflega.

Stefnandi telur að fjárhagstjón hans sé sennileg afleiðing aðgerða stefnda, þar sem rekstri félagsins hafi verið sjálfhætt við það að keyrt var á innheimtu ólögmætra lána, allri rekstrarlánaþyrirgreiðslu hætt og þess krafist að félagið yrði sett í gjaldþrotaskipti. Stefnandi hafi haft réttmætar væntingar til að telja að félagið sem hann átti þriðjungshlut í fengi eðlilega og lögmæta meðferð í ljósi þess lagaumhverfis (lög nr. 107/2009) er var til staðar á þeim tíma og opinberum reglum fyrir félög í sömu stöðu.

Við mat á sennilegri afleiðingu telur stefnandi að taka verði tillit til þess hvort hin saknæma hegðun sé almennt fallin til þess að valda tjóni, eða hvort hún hafi almennt séð verið til þess fallin að auka hættuna á því tjóni sem varð. Er viðurkennt í skaðabótarétti að það eitt nægi til skaðabótaskyldu að hættueiginleikar hinna saknæmu hegðunar eigi þátt í því að tjón verði. Því sé ljóst að stefndi, sem viðskiptabanki félagsins Sigurplasts ehf., uppfyllti ekki skyldu sína til að tryggja að félagið hlyti sanngjarna, eðlilega og lögmæta meðferð við úrlausn sinna mála við kerfishrun eins og reglur áskildu og má rekja orsök fjártjóns stefnanda, m.a. til saknæmrar og ólögmætrar hegðunar stefnda og starfsmanna hans. Afleiðingin af þeirri saknæmu og ólögmætu hegðun var að félagið Sigurplast ehf., var gefið upp til gjaldþrotaskipta sem leiddi til fjártjóns fyrir stefnanda.

Upplýsingar stefnanda um tjónið

Hvað varðar fyrningu á þeirri kröfu, sem stefnandi krefst viðurkenningar á að hann eigi á hendur stefnda, vísast til 9. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007, en lögin tóku gildi þann 1. janúar 2008. Í 1. mgr. 9. gr. laganna sé kveðið á um að „krafa um skaðbætur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ber ábyrgð á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga.“ Með vísan til framangreindrar lagagreinar byggir stefnandi á því að hann hafi fengið „nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ber ábyrgð á því“ þann 12. febrúar 2014, en þann dag skilaði dómkvaddur matsmaður Klemens Arnarson viðskiptafræðingur matsgerð í héraðsdómsmálinu nr. E-218/2012, þar sem þáverandi forsvarsmáður stefnanda var á meðal matsbeiðanda. Í matsgerðinni sé sérstaklega lagt mat á rekstrarhæfi (e. going concern) Sigurplasts ehf. m.v. þær forsendur sem komu fram í skýrslu Deloitte sem unnin var fyrir forsvarsmann stefnanda og skilað var 17. apríl 2013, sem og niðurstöðu virðismats Dögunar Capital, dagsett í maí sama ár. Þá hafi matsgerðin einnig tekið á greiðsluhæfi félagsins og fjallað um forsendur verðmats Deloitte og Dögunar á virði félagsins (e. enterprise value).

Stefnandi telur að hann hafi fyrst búið yfir nauðsynlegum upplýsingum um að hann hafi beðið tjón með því að stefndi þvingaði Sigurplast ehf. í gjaldþrot með bæði aðgerðum og aðgerðarleysi sínu þegar matsgerðin var lögð fram þann 12. febrúar 2014. Því sé ljóst að krafa stefnanda á hendur stefnda hefði fyrnst þann 12. febrúar 2018 hefði ekki komið til þessarar stefnu, sem rjúfi fyrningartíma kröfunnar, sbr. meginreglu 15. gr. laga 150/2007.

Með vísan til alls framangreinds telur stefnandi að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist þeirra réttinda, sem hann á á hendur stefnda og því nauðsynlegt að fá viðurkenningardóm um skaðabótaskyldu, sbr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Stefnandi byggir kröfur sínar á lögum nr. 125/2008 og 109/2007, almennum reglum um skaðabætur utan samninga, 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og ákvæðum 8. gr. og 1. mgr. 6. gr. sbr. 11. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Einnig er byggt á lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Málsástæður stefnda

Stefnandi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á aðildarskortu til sóknar. Er í því sambandi vísað til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Byggir stefndi einkum á því, að stefnandi eigi ekki þá hagsmuni sem hann krefst í málinu. Sigurplast ehf. hafi verið sjálfstæður lögaðili og hafi borið réttindi og skyldur sem slíkur samkvæmt lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Félagið Sigurplast ehf. hafi verið aðili þeirra

lánasamninga sem mál þetta varðar og málatilbúnaður stefnanda byggir á og geti stefnandi því ekki höfðað mál vegna hans. Eigi það einnig við um mál þetta.

Stefndi telur að í því sambandi verði að horfa til þess, líkt og nefnt hafi verið, að bú Sigurplasts ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta og skiptastjóri skipaður. Enginn krafa hafi verið höfð uppi á hendur stefnda við skipti á þrotabúinu, líkt og telja verður að búinu hafi verið heimilt eftir þeim reglum sem um slík skipti gilda. Að því er snertir þetta atriði málsins bendir stefndi enn fremur á að stefnandi hafi verið einn hluthafi í Sigurplasti ehf. Vísar stefndi þá til þess að sú meginregla gildi í kröfurétti, að aðilar sammings geti einir haft uppi kröfur vegna hans, hvort sem um beint fjártjón sé að ræða vegna vanefnda sammings eða vegna afleidds tjóns. Einstakir hluthafar í einkahlutafélagi hafi hins vegar ekki slíka heimild, enda þótt þeir kunni eftir atvikum að hafa orðið fyrir afleiddu tjóni, líkt og stefnandi virðist byggja málatilbúnað sinn á.

Þá vísar stefndi til þess, að jafnvel þótt síðar hafi komið í ljós, að endurreikna bæri umrædda lánasamninga félagsins, þá hafi krafa bankans á grundvelli þeirra verið lögmæt. Forsvarsmönnum félagsins hafi verið í lófa lagið að bera ágreining um lögmæti samninganna undir dómstóla til að fá skorið úr um lögmæti eða stöðu lánanna, sem þeir gerðu þó ekki. Í öllu falli blasir við, að forsvarsmenn félagsins hefðu í síðasta lagi getað borið slíkan ágreining undir dómstóla í sérstöku ágreiningsmáli vegna kröfu um gjaldþrotaskipti, hefði svo farið, að bankinn hefði óskað eftir slíkum skiptum í samræmi við heimild í 65. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Forsvarsmenn félagsins hafi hins vegar ákveðið að óska sjálfir eftir skiptum á félaginu, væntanlega á grundvelli mats þeirra á stöðu félagsins á þeim tíma. Gerðu þeir það án allrar aðkomu stefnda eða fortölum hans.

Getur stefndi enga ábyrgð borið á því mati forsvarsmanna félagsins. Stefnandi, sem hluthafi í umræddu félagi, verði að bera hallann af því, að hafa ekki látið reyna á lögmæti lánanna með fyrrgreindum hætti

Í stefnu er m.a. vísað til laga nr. 125/2008 (svonefnd neyðarlög) og laga nr. 107/2009. Stefnandi telur ekki verða séð með nokkru móti að hin meinta háttsemi eða aðgerðir stefnda eða starfsmanna hans hafi falið í sér brot á ákvæðum fyrrgreindra laga, auk þess sem það verði ekki berlega ráðið af málatilbúnaði stefnanda.

Stefndi telur að hvað varði lög nr. 107/2009, þá feli þau ekki í sér að sérstakar skyldur séu lagðar á lánastofnanir í þá veru sem staðhæft er af hálfu stefnanda. Líkt og stefnandi bendir sjálfur réttilega á, hafi það verið markmið laganna að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins haustið 2008 og að jafnvægi komist á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar.

Líkt og aðrar lánastofnanir hafi stefndi sett sér reglur um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja sem mæli fyrir um viðmið við slíka fjárhagslega endurskipulagningu. Þær reglur veiti bankanum jafnframt fullt svigrúm til mats á forsendum slíkrar endurskipulagningar. Fjármálastofnunum sé þannig heimilt að leggja sjálfstætt mat á það, hvort rekstrarleg skilyrði séu til sérstakrar ívilnunar. Það eitt að fyrirtækjum sé ekki boðið ívilnandi úrræði feli ekki í sér að skilyrðum skaðabótaskyldu sé fullnægt.

Stefndi telur að hann hafi allt að einu ítrekað leitað leiða til að rétta hlut félagsins og koma því á réttan kjöl. Í því sambandi hafi stefndi lagt fram tillögur um úrræði í því sambandi, sem forsvarsmenn félagsins, þ. á m. stefnandi, höfnuðu. Af þeim sökum hafi stefnda verið nauðsynlegt að halda áfram innheimtuaðgerðum vegna skulda félagsins við stefnda, með hagsmuni bankans og hluthafa hans að leiðarljósi.

Að mati stefnda starfaði hann í þessu máli sem og öðrum að öllu leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, þ. á m. 19. gr. laganna. Því er alfarið hafnað, sem ósönnu og rakalausum að stefndi eða starfsmenn hans hafi að ásetningi beint spjótum sínum að umræddu félagi með það að markmiði að knésetja félagið.

Stefndi bendir einnig á að í samræmi við ákvæði samkomulags um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja hafi Sigurplasti ehf. verið heimilt að skjóta ágreiningi um niðurfærslu skulda o.fl. til sérstakrar úrskurðarnefndar, sbr. 10. gr. samkomulagsins, sem hafi haft heimild til að kveða upp fullnaðarúrskurð í málinu. Hvorki forsvarsmenn félagsins né stefnandi neyttu slíkra úrræða, líkt og þeim hefði verið í lófa lagið til að fá endanlega skorið úr um deiluefnið. Telur stefndi að stefnandi verði að bera hallann af því að láta hjá líða að nýta slíkt úrræði

Þá vísar stefndi til þess að stefnanda hafi ekki tekist að sýna fram á tjón sitt vegna hinna meintu athafna stefnda, hvorki tilvist þess né umfang. Stefndi áréttar, að ekki nægi í því sambandi að leggja fram gögn eða matsskýrslur er lúta að rekstrarhæfi félagsins á tilteknum tíma. Slík gögn séu ekki fullnægjandi grundvöllur til ákvörðunar skaðabótaskyldu og sýna hvorki fram á að tjón hafi orðið né umfang þess.

Af hálfu stefnda er ítrekað að hafi Sigurplast ehf. eða stjórn þess talið óumdeilt að félagið væri gjaldfært á þeim tíma þegar krafa stefnda var til innheimtu hefði félaginu verið í lófa lagið að láta reyna á þau sjónarmið fyrir dómi, eftir atvikum í sérstöku ágreiningsmáli vegna gjaldþrotaskipta. Láti menn hjá líða að neyta þeirra lögmætu úrræða sem standa til boða í þessu efni verða menn að bera hallann af slíku, sbr. einnig grundvallarreglur skaðabótaréttar þ. á m. er lúta að

skyldu tjónþola til að takmarka tjón sitt

Stefndi telur sig með með engu móti getað borið fébótaábyrgð á aðgerðum forsvarsmanna Sigurplasts ehf., þ.e. ákvörðun þeirra um að óska eftir gjaldþrotaskiptum á félaginu. Ef fallist yrði á slíka niðurstöðu telur stefndi að með því væri jafnframt fallist á að menn geti sjálfir, með eigin aðgerðum, skapað grundvöll skaðabótaskyldu gagnvart þriðja manni. Við blasi að slík niðurstaða sé ótæk. Stefndi byggir sýknukröfu sína jafnframt á sjónarmiðum um tómlæti og fyrningu. Vísar stefndi þá til þess að krafa um skaðabætur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ber ábyrgð á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga, sbr. 9. gr. laga nr. 150/2007. Líkt og rakið hafi verið hafði hvorki stefnandi né forsvarsmenn hins gjaldþrota félags uppi mótmæli við kröfu stefnda við skipti þrotabúsins, hvort sem var á grundvelli lánasamninganna eða aðrar kröfur vegna hinnar meintu háttsemi stefnda. Ljóst sé því að fyrningarfrestur kröfu hafi hafist í síðasta lagi á þeim degi þegar haldinn var skiptafundur í búinu þar sem kröfuskrá var lögð fram, eða 4. júlí 2011. Krafa stefnanda sé þar af leiðandi fyrnd.

Verði ekki á það fallist, að krafa stefnanda sé fyrnd telur stefndi þó ljóst að stefnandi hafi sýnt af sér fullkomið tómlæti við að halda uppi kröfu á hendur stefnda, enda hafi stefnandi ekki gert neinn reka að því að halda uppi meintum kröfum sínum á hendur stefnda fyrr en með útgáfu stefnu í máli þessu. Þar sem slíkum ágreiningi hafi ekki verið haldið uppi af hálfu stefnanda á fyrri stigum máls, í síðasta lagi við gjaldþrotaskipti félagsins, hafi það gefið stefnda sérstaka ástæðu til að ætla að stefnandi myndi ekki halda uppi slíkum kröfum síðar og eru skilyrði tómlætisreglna því uppfyllt í málinu.

Um lagarök vísar stefndi til meginreglna samninga-, kröfu- og skaðabótaréttar en málskostnaðarkrafa stefnda byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, einkum 129. - 131. gr. laganna

IV. Niðurstaða

Málatilbúnaður stefnanda í þessu máli byggist í meginatriðum á því að hann hafi tapað hlutafé sínu í Sigurplasti ehf. þar sem stefndi og starfsmenn hans hafi ekki hagað viðskiptum sínum við félagið í samræmi við ákvæði laga nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins, og þeim reglum sem stefndi hafi sett sér á grundvelli laganna. Telur stefnandi að stefndi hafi af þessum sökum bakað sér skyldu til greiðslu skaðabóta. Til stuðnings kröfu sinni um viðurkenningu skaðabótaskyldu vísar stefnandi einnig til 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Stefndi mótmælir þessum málatilbúnaði og vísar m.a. til þess að ákvæði laga nr. 107/2009 og þær reglur sem settar séu á grundvelli laganna hafi veitt honum svigrúm til mats á hvaða forsendur hann byggði á þegar fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja var ákveðin.

Samkvæmt framangreindu veltur úrlausn um viðurkenningarkröfu stefnanda á því hvort samskipti stefnda við Sigurplast ehf. hafi verið í samræmi við þær skráðu reglur um háttsemi fjármálafyrirtækja sem stefnandi hefur vísað til. Að því marki sem málatilbúnaður stefnanda kann að byggjast á því að stefndi hafi ekki efnt gerða samninga við Sigurplast ehf., þá getur stefnandi ekki með átt aðild að málssókn á þeim forsendum. Eins og stefndi hefur réttilega bent á eru það almennt einungis aðilar samnings sem haft uppi kröfur vegna samningsins, hvort sem um beint fjártjón sé að ræða vegna vanefnda samnings eða afleidds tjón, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Eru því ekki forsendur til fjalla frekar um málsástæður stefnanda sem byggjast á því að stefndi hafi ekki efnt samninga sína við Sigurplast ehf.

Eftir stendur þá að leysa úr því hvort stefndi eigi rétt til skaðabóta úr hendi stefnda samkvæmt reglum um skaðabætur utan samninga. Sá réttur ræðst að meginstefnu af því hvort stefndi hafi brotið gegn skráðum háttternisreglum og með því valdið stefnanda tjóni sem hann beri skaðabótaábyrgð á.

Hvað þetta atriði varðar hefur stefnandi einkum byggt málatilbúnað sinn á ákvæðum laga nr. 107/2009, en þau lög tóku gildi 31. október 2009 og voru í gildi á þeim tíma þegar atvik þessa máls áttu sér stað. Samkvæmt 1. gr. laganna var það markmið þeirra að hraða endurreisn íslensks efnahagslífs í kjölfar banka- og gjaldeyrishrunsins haustið 2008 og að jafnvægi kæmist á virði eigna og greiðslugetu annars vegar og fjárskuldbindinga einstaklinga, fyrirtækja og heimila hins vegar. Í samræmi við þetta markmið kváðu lögin á um leiðir og viðmið til að ná því markmiði.

Um aðstöðu fyrirtækja var fjallað sérstaklega í 3. gr. laganna en í 1. mgr. 3. gr. var mælt fyrir um að kröfueigendur skyldu setja sér reglur um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánessamninga sem kynnu að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana fyrir skuldara. Skyldu reglurnar vera aðgengilegar fyrir lántaka og aðra viðskiptavinum þeirra. Í 2. mgr. 3. gr. sagði enn fremur að Fjármálaeftirlitið skyldu staðfesta reglur sem aðilar sem fara með eftirlitsskylda starfsemi skv. 2. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, setja sér.

Í 3. mgr. 3. gr. laganna var síðan fjallað um til hvaða atriða þær reglur sem kröfueigendur settu sér skyldu taka en samkvæmt ákvæðinu var þar um að ræða

eftirtalin atriði:

- „1. Mats á eigna- og skuldastöðu skuldara.
2. Mats á greiðslugetu skuldara þar sem tekið skal tillit til fyrirsjáanlegs sjóðstreymis fyrirtækja og tekjumöguleika einstaklinga.
3. Mats á skuldara, stjórnendum og eigendum fyrirtækja.
4. Skilyrða sem sett kunna að verða fyrir ákvörðunum um breytingar á skilmálum skuldabréfa eða lánsamninga.
5. Skýrleika og réttmætis kröfu kröfueiganda.
6. Hlutlægni við ákvörðunartöku kröfueiganda.
7. Samkeppnissjónarmiða.“

Hvað varðar þær reglur sem gert var ráð fyrir að kröfueigendur á borð við stefnda settu sér á grundvelli 3. mgr. 3. gr. laga nr. 107/2009 hefur stefnandi í málatilbúnaði sínum vísað til samkomulags um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem fjármálafyrirtæki, öll helstu hagsmunasamtök atvinnulífsins stóðu að, ásamt efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, svo og fjármálaráðuneytinu fyrir hönd ríkissjóð og dagsett er 15. desember 2010.

Í samkomulaginu kemur fram að það byggir á „sameiginlegum reglum fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja“. Stefnandi hefur hins vegar ekki vísað til þeirra reglna í málatilbúnaði sínum og hvorugur aðila hefur lagt slíkar reglur fram í máli þessu.

Samkvæmt 1. gr. samkomulagsins náði gildissvið þess til fyrirtækja þar sem áframhaldandi rekstur væri að mati fjármálafyrirtækisins líklegastur til að tryggja best hagsmuni kröfuhafa, starfsmanna og eigenda. Í þessu sambandi skyldi m.a. horft til þess hvort áframhaldandi þátttaka þáverandi eigenda og/eða lykilstjórnenda væri mikilvæg fyrir framtíðarrekstur fyrirtækisins og væri líkleg til að auka endurheimtur skulda fyrirtækisins. Um væri að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki þar sem miðað væri við að skuldir gætu verið að jafnaði allt að 1.000 milljónir króna. Í 2. gr. samkomulagsins var fjallað um tímaramma til að ljúka gerð tillagna um fjárhagslega endurskipulagningu þeirra fyrirtækja sem féllu undir samkomulagið. Í 3. gr. samkomulagsins voru síðan sett viðmið um niðurfærslu skulda og fjárhagsskipan.

Ljóst er að málatilbúnaður stefnanda byggist að miklu leyti á því að Sigurplast ehf. hafi á þeim tíma sem atvik þessa máls áttu sér stað uppfyllt bæði kröfur laga nr. 107/2009 sem og samkomulagsins um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja og að stefndi hafi brotið gegn réttindum hans sem

eiganda í félaginu með því hvernig stefndi hélt til streitu innheimtu skulda félagsins í stað þess að fallast á fjárhagslega endurskipulagningu þess í samvinnu við stefnanda sem eigenda.

Þegar tekin er afstaða til þessa málatilbúnaðar er ekki unnt að draga dul á að samkvæmt þeim málavöxtum sem raktir voru í kafla II lýsti stefndi sig nokkrum sinnum reiðubúinn til að endurskipuleggja fjárhag félagsins og minnka skuldir þess í því skyni að gera það rekstrarhæft. Í því sambandi má vitna til tölvupóstar Árna Örvars Daníelssonar, starfsmanns stefnda, til Jóns Snorra Snorrasonar, stjórnarformanns Sigurplasts ehf. frá 19. október 2010. Af gögnum málsins verður hins vegar ekki annað ráðið en að viðræður fyrirsvarsmanna Sigurplasts ehf. og stefnda hafi einkum strandað á kröfu bankans um að eignarhlutur þeirra í fyrirtækinu yrði færður niður samhliða niðurfærslu á kröfum bankans og því að fyrirsvarsmenn félagsins höfnuðu því að ganga að þessum skilyrðum um endurskipulagningu.

Sjónarmiðum stefnda um að samþykkja ekki fjárhagslega endurskipulagningu Sigurplasts ehf. í samræmi við hugmyndir fyrirsvarsmanna þess er enn fremur lýst tölvubréfi umboðsmanns viðskiptavina bankans til stjórnarformanns og framkvæmdastjóra félagsins 19. ágúst 2010 og vitnað er til hér að framan. Af efni bréfsins verður ráðið að fyrirsvarsmenn Sigurplasts ehf. nutu á þessum tíma ekki fulls trausts af hálfu stefnda og að starfsmenn hans telji forsendur fyrir frekari samstarfi brostnar. Í því sambandi er rakið í bréfinu að í reglum um fjárhagslega endurskipulagningu sé lögð rík áhersla á samstarf banka og fyrirtækis í vinnu við endurskipulagningu. Þar sé upplýsingagjöf fyrirtækja er grundvöllur að allri vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu og forsenda áframhaldandi samstarfs er traust á milli aðila. Í bréfinu er síðan lýst því viðhorfi stefnda að bankinn telji þessa þætti hafa brugðist alvarlega.

Að mati dómsins er ekki unnt að horfa framhjá þessum atriðum þegar spurningunni um hvort stefndi hafi farið á svig við ákvæði 3. gr. laga nr. 107/2009 er svarað. Verður þá að hafa í huga að í 3. tölul. ákvæðisins var berum orðum gert ráð fyrir að því að ákvarðanir kröfueigenda um breytingar á skilmálum skuldabréfa og lánasamninga sem kynnu að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana fyrir skuldara væru m.a. háðar mati kröfueiganda á skuldara, stjórnendum og eigendum fyrirtækis.

Um þetta mat á hæfi lántakenda, stjórnenda og eigenda fyrirtækja er raunar sérstaklega fjallað í athugasemdum við ákvæði 3. gr. í frumvarpi því er varð að lögum nr. 107/2009. Þar kemur fram að við mat á greiðsluhæfi fyrirtækja sé „óumflýjanlegt“ að taka tillit til þess „hvort eigendur og stjórnendur þeirra njóti trausts og trúnaðar hjá kröfueigendum“. Verði þar óhjákvæmilega að einhverju leyti

um huglægt mat kröfueigenda að ræða, en meðal þeirra atriða sem horfa megi til séu „samstarfsvilji lántaka, upplýsingagjöf af hans hálfu og hvort lántaki hafi út frá fyrri samskiptum sínum við kröfueigendur sýnt í verki að hann njóti trausts og trúnaðar hjá kröfueiganda og að ætla megi að hann muni ná þeim markmiðum sem skulda- og skilmálabreytingar munu kveða á um.“

Ljóst er af gögnum málsins að starfsmenn stefnda gerðu í ýmsum tilvikum athugasemdir við upplýsingagjöf fyrirsvarsmanna Sigurplasts ehf. Þá liggur fyrir að endurskoðunarfyrirtækið Ernst & Young gerði í skýrslu sinni frá 4. febrúar 2010 athugasemdir við störf framkvæmdastjóra Sigurplasts að því leyti að hann hefði ekki reynt fús til að afhenda gögn eða upplýsingar sem fyrirtækið hefði talið nauðsynlegar til að ljúka úttekt sinni á félaginu.

Samkvæmt því er framan er rakið verður að telja að stefndi hafi haft lögmætar forsendur til að hafna því að fjárhagslegri endurskipulagningu Sigurplasts yrði hagað með þeim hætti sem þáverandi eigendur félagsins óskuðu eftir. Með vísan til þess og þeirra atvika sem rakin hafa verið verður að fallast á með stefnda að bankinn hafi verið innan þess svigrúms sem lög og reglur veittu honum til mats um á hvaða forsendum fjárhagsleg endurskipulagning færi fram. Að sama skapi verður hafna málsástæðum stefnanda um að háttsemi stefnda gagnvart Sigurplasti ehf. hafi verið í andstöðu við ákvæði 3. gr. laga nr. 107/2009.

Að því er varðar þá málsástæðu stefnanda að háttsemi stefnda og starfsmanna hans hafi ekki verið í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækis og venjur á fjármálamarkaði, sbr. þágildandi ákvæði 1. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002, þá verður við túlkun á því hvað felst í hugtökunum eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir og venjur að líta til fyrirmæla sem leiðir af settum lögum, sbr. athugasemdir við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 161/2002. Þá kann eins að þurfa að horfa til almennari siðareglna og viðtekinna venja í fjármálastarfsemi eða einstökum undirgreinum hennar, auk þess sem ákvæði reglugerða og reglur og tilmæli Fjármálaeftirlitsins geta veitt leiðbeiningu, eins og vikið er að í fyrrnefndum athugasemdum.

Við afmörkun á því hvaða háttsemi fellur undir ákvæði 19. gr. laga nr. 161/2002 verður því einkum að horfa til annarra lagareglna og stjórnvaldsfyrirmæla, sem og þeirra heimilda sem rakin eru lögskýringargögnum. Þegar ákvæðum laga nr. 107/2009 og þeirra reglna sem á þeim byggja sleppir hefur stefnandi hins vegar ekki vísað til neinna neinna sjónarmiða sem geta orðið dómimum að haldi við að taka afstöðu til þess hvort rétt sé að fallast á málsástæðu hans um 19. gr. laga nr. 161/2002. Þá hefur stefnandi heldur ekki tekist að sýna fram á að háttsemi stefnda og starfsmanna hans hafi verið í andstöðu við venjur á fjármálamarkaði, en samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð

einkamála, ber stefnandi sönnunarbyrði fyrir tilvist venju á þessu sviði.

Með vísan til þeirrar niðurstöðu dómsins sem rakin er hér að framan er engin þörf á að taka afstöðu til annarra málsástæðna aðila. Samkvæmt því er stefndi Arion banki hf. sýknaður af kröfu stefnanda í málinu. Í samræmi við þau málsúrslit verður stefnanda gert að greiða allan málskostnað stefnda í málinu sem telst hæfilega ákveðinn 1.200.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari kveður upp þennan dóm að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Dómsorð:

Stefndi, Arion banki hf., skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Grænamýri ehf. Stefnanda skal gert að greiða allan málskostnað stefnda sem þykir hæfilega ákveðinn 1.200.000 krónur.

Kjartan Bjarni Björgvinsson